

Hverfisráð Hríseyjar

68. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein þriðjudaginn 23. apríl 2013 klukkan 15:00. Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson. Linda María Ásgeirsdóttir tók þátt í umræðu um fyrsta lið.

Dagskrá:

1. Úthlutun peninga til umhverfismála fyrir 2013. 1 milljón sem hverfisráð má ráðstafa. Ýmsar umræður.
Tillaga hverfisráðs er sú að farið verði í uppbyggingu á Hátíðarsvæðinu. Gerðir göngustígar, grillaðsta og gróðursetning. Gróðursetja þarf runna og skjólbelti í stað þeirra sem voru teknir og óskum við eftir því að það verði fjármagnað úr sjóði sem merktur er skógrækt. Við viljum sjá svæðið verða að útivistar- og skemmtigarði í framtíðinni.
2. Farið yfir ljósastaura og lýsingu í þorpinu. Merkt inn á kort hvar vantar.
3. Heilsugæslumál.
Ýmislegt í gangi sem ekki er vert að opinbera strax. Eigum von á gesti á þriðjudag 30. apríl vegna þessa máls.
4. Ýmsar umræður um Hlein og nýtingu húsins.
5. Sjúkraflutningar.
Ekkert hefur gerst í þessum málum og staðan grafalvarleg.
Þorbjörn slökkvuliðsstjóri er í málinu.
6. Nettenging
Málið hefur þokast áfram en engar ákvarðanir enn teknar. Málinu haldið gangandi.
7. Hverfisráð hefur áhyggjur af ástandi dráttarvélarinnar sem er í notkun við bæjarvinnu í Hrísey. Vélin er orðin léleg og töluverð notkun er á henni. Hún er mjög mikilvæg við snjómoskur og önnur störf í eyjunni. Teljum að þörf sé á að endurnýja vélina að viðhald og viðgerðir dugi skammt. Við getum ekki verið án vélar í lengri tíma vegna bilana.
8. Hverfisráð lýsti yfir óánægju með lélegan frágang á vegvísunum í þorpinu og viljum að úr verði bætt fyrir sumarið.
9. Hverfisráð vill benda á að brunnar í þorpinu og víðar í þorðinu eru hættilegir fyrir börn t.d. brunnar við rafstöðina og á hátíðarsvæðinu. Þarf að ganga betur frá lokum.
10. Farið yfir samþykktir fyrir hverfisráð Hríseyjar og Grímseyjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 16:30.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur